

Nd. 451. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um verslun með erlendan gjaldeyri.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að til framkvæmda komi heimild í 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um að auk Seðlabanka Íslands, Landsbankans og Útvegsbankans fái aðrir bankar einnig heimild til verslunar með erlendan gjaldeyri.

Greinargerð.

Í 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, er stjórn bankans að fengnu samþykki ráðherra heimilt að veita öðrum bönkum en Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sem löggin tilgreina sérstaklega, leyfi til verslunar með erlendan gjaldeyri. Hefur heimild þessi aldrei verið notuð og er greinilegt að reglur um þetta atriði eru mun þrengri hér en í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum.

Ástæðan fyrir því, að aðeins Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa haft með höndum verslun með erlendan gjaldeyri af hálfu viðskiptabankanna, mun vera sú, að á sínum tíma var á þessa banka lögð sú skylda að fjármagna rekstur útflutningsatvinnuveganna (sjávarútvegs) og þótti þá eðlilegt að þeir einir ásamt Seðlabankanum hefðu heimild til ráðstöfunar á þeim gjaldeyri, sem inn kemur fyrir útfluttar afurðir, og öðrum gjaldeyri, sem til félli.

Meðan þessir tveir bankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, ásamt sparisjóðunum ávöxtuðu meiri hlutann af öllu sparifé landsmanna gat þetta talist eðlilegt. En eins og nú er komið, þegar starfandi eru fimm bankar aðrir í landinu, sem allir hafa verið stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum og hafa í sinni vörslu um einn þriðja hluta þess sparifjár, sem í vörslu bankakerfisins er, verður að teljast óeðlilegt að þeir, sem annast vinnslu útflutningsafurðanna, eigi ekki um það frjálst val við hvaða banka þeir kjósa að skipta. En til þess að svo geti orðið verða einnig þessir bankar að fá leyfi til gjaldeyrisverslunar, en hljóta þá að taka á sig sömu skyldur og nú hvíla á Landsbankanum og Útvegsbankanum að fjármagna að tilteknum hluta rekstur útflutningsatvinnuveganna í samræmi við gildandi reglur um fyrirgreiðslur til þeirra, sem afurðir framleiða til sölu á erlendum markaði.